

Nr. 17-181 S 131 Hafþór SU 144***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 6420
Útgerð: Hafþór SU 144 ehf.
Smíðaður: Baldur Halldórsson, 1982, trefjaplast.
Stærð: 4,88 brl. 5,17 bt.
Mesta lengd: 8,76 m Skráð lengd: 8,07 m
Breidd: 2,56 m Dýpt: 1,26 m
Vél: Vetus, 54,6 kw, 2001.
Fjöldi skipverja: 0



Hafþór © Björgvin Baldursson

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 29. janúar 2018 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 30. maí 2017 var Hafþór SU 144 við bryggju á Neskaupstað. Veður: SA 10 m/s.

Skipverjar voru að taka í land grásleppunet úr bátnum. Annar skipverjinn þurfti að fara um borð til að greiða úr netinu en hann hrasaði og féll á netaborðið í bátnum með hægri síðu.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn féll tvo metra afturábak ofan í bátinn;
- að hann var kominn með annan fótinn í bryggjustigann og var klovvega yfir bryggjubítann en rak þá hinn fótinn í handfangið á bitanum og missti við það handfestuna.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.